

Ed.

422. Breytingartillaga

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 67 5. júní 1947, um eignakönnun.

Frá Páli Zóphóníassyni.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, er verði 2. gr. svo hljóðandi (greinatalan breytist samkvæmt því):

Á eftir 45 gr. laganna komi ný grein, er hljóði svo:

Þá er framtalsnefnd hefur lokið störfum samkvæmt 45. gr., skal hún ákveða mönnum skatt samkvæmt 17. gr. og gera um það skattskrár, þar sem skattgreiðendur eru taldir í stafrófsröð, hver í sínu skattaumdæmi. Skattskrá skal liggja frammi til sýnis almenningi í 14 daga, og skal auglýsa, hvaða tíma hún liggur frammi í hverju skattaumdæmi.

Rétt hafa menn til að kæra yfir skatti þeim, er á þá er lagður, en gera skulu þeir það til framtalsnefndar innan mánaðar frá því, að útrunninn er sá tími, er skattskrá lá frammi.

Framtalsnefnd skal úrskurða allar kærur, er henni berast, eftir að hún hefur rannsakað málið að nýju, og tilkynna kæranda niðurstöðu úrskurðar síns. Úrskurði framtalsnefndar má skjóta til dómstólanna.